



24. janúar, 2017.

B.T. Geir Bjarnason, íþróttá- og tómstundafulltrúi

Þann 28. október síðastliðinn var stofnaður Frisbigolfklúbbur Hafnarfjarðar.

Stefnan er að hefja starfsemi næsta sumar og er áhugi á að notast við völlinn á Víðistaðatúni og vera með þar bæði vikulega hittinga klúbbfélaga sem og 2 byrjandanámskeið og 2 móti.

Hins vegar eru það tvö mál sem gætu gert það erfitt.

1. Yfir stóra hluta af sumrinu eru tjöld, fellhýsi og annað slíkt á miðjum brautum 4, 5 og 6 sem gera það ansi erfitt að spila þar.
2. Þannig er að aðeins er búið að klára 6 af 9 körfum á þeim velli og vildum við fá að heyra hvort að hægt væri að klára þessar þríjár sem eftir standa fyrir næsta sumar?

Hver karfa kostar 95.000 kr og má því gera ráð fyrir að heildarkostnaður með vinnu við að setja þær upp sé um 400.000 kr. Það eru því ekki stórar fjárhæðir sem um ræðir.

Það að fá 9 holu völl til afnota í Hafnarfirði myndi gera mikið fyrir okkur gerir okkur kleift að halda löglegt frisbigolfmót auk þess sem að það myndi gera þennan flotta völl enn betri og meira aðlaðandi fyrir áhugafólk um frisbigolf.

Eins og ég sagði hér að ofan er að við stefnum á er að halda vikulegar æfingar fyrsta sumarið og er það vitað að völlurinn hefði mun meira aðráttarafl þegar hann er tilbúinn heldur en þegar hann aðeins tilbúinn að hluta.

Frisbigolf er ein af þeim íþróttum sem vaxa hvað hraðast í heiminum og ekki síst á Íslandi og verða nú í lok árs liðlega 35 vellir á landinu.

Völlurinn á Víðistaðatúni er sá eini á höfuðborgarsvæðinu sem að er ekki 9 holur.

Það eru sífellt fleiri krakkar sem að heillast af þessari íþrótt og mörg þeirra eru ekki að finna sig í öðrum greinum. Við teljum það vera mikilvægt að bjóða þessum krökkum upp á góða aðstöðu eins og boðið upp á fyrir börn sem æfa aðrar íþróttir.

Ef það myndi hjálpa, þá erum við meira en tilbúin til að aðstoða með uppsetningu á körfum sem ætti að lækka þann kostnað.

Með kveðju,

Torfi B. Guðmundsson  
Formaður Frisbigolfklúbbs Hafnarfjarðar